



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **P** 136/883

komudagur 19.2.2009

Selfossi, 19. febrúar 2009

0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn SASS um 289. mál**

Erindi hefur borist frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags, 12. febrúar 2009, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 289. mál, endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað.

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga mæla með samþykkt frumvarpsins enda mun full endurgreiðsla virðisaukaskatts tvímælalaust örva atvinnulífið og ætti sérstaklega að koma iðnaðarmönnum til góða þar sem mikill samdráttur hefur orðið í byggingariðnaði. Samtökin leggja til að heimild til endurgreiðslu nái ekki aðeins til 1. júlí 2010 heldur verði til frambuðar í ljósi þess að hún mun að öllum líkindum draga úr svartri atvinnustarfsemi og hefur þarafleiðandi í för með sér aukinn tekjuskatt fyrir ríkissjóð og útsvar fyrir sveitarfélögin.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri